





Þekkingarnet
Þingeyinga

MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM

2013-2022



Apríl 2022

Apríl 2022

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Aðfluttir umfram brottflutta á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga
Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfssdóttir

ISBN 978-9935-405-66-1

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i>	1
<i>Sveitarfélög</i>	2
Langanesbyggð	2
Svalbarðshreppur	5
Norðurþing	8
Tjörneshreppur	11
Pingeyjarsveit	14
Skútustaðahreppur	17
<i>Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</i>	20
Byggðakjarnar	23
Bakkafjörður	23
Þórshöfn	23
Raufarhöfn	24
Kópasker	24
Húsavík	25
Laugar	25
Reykjahlíð	26
Þéttbýliskjarnar og dreifbýli	27
685 og 686 Bakkafjörður	27
680 og 681 Þórshöfn	27
675 og 676 Raufarhöfn	28
670 og 671 Kópasker	28
640 og 641 Húsavík	29
650 Laugar og 645 Fosshóll	29
660 Mývatnssveit	30
Svæðið allt eftir póstnúmerum	30
Aðflutningur og brottflutningur	31
<i>Helstu niðurstöður</i>	37
<i>Heimildir</i>	40

INNGANGUR

Frá árinu 2007 hefur starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekið saman tölur um mannfjöldaþróun í einhverri mynd. Fyrsta skýrslan náði eingöngu til Norðurlands en tveimur árum síðar var gefin út í fyrsta sinn skýrsla sem náði til starfssvæðis Þekkingarnetsins í heild sinni. Útgáfan þróaðist og nær samanteknin yfir 10 ára tímabil og hefur gert það frá og með árinu 2011. Í hverri skýrslu er íbúðaþróunin skoðuð út frá fjölda, kyni og aldri. Síðari ár hafa bæst við skýrslurnar umfjöllun um tiltekna hópa s.s. yngri en 18 ára, íbúa á vinnualdri og 60 ára og eldri. Allt er þetta gert til að fylgjast með byggðaðróun og hvernig mannfjöldinn skiptist niður á svæði, aldur og kyn.

Árið 2021 stóð heimsfaraldurinn COVID-19 enn yfir og áhrif hans merkjanleg á atvinnulíf og þar með búsetu. Í Þingeyjarsýslum sást það meðal annars á því að færri störf voru við ferðaþjónustu og að framleiðsla PCC BakkiSilicon á kísilmálmi lá niðri á fyrri hluta ársins.


Gögn skýrslunnar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar að stærð. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en annars skiptist svæðið í dreifbýli og nokkra minni byggðakjarna. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2012. Samantektin í ár er eins og á síðasta ári samantekt á þróun síðustu 10 ára. Hér er einnig skoðaður sérstaklega flutningur íbúa að og frá svæðinu.

Allar niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast er við að hafa framsetningu skýra og einfalda.


Fyrri skýrslur um íbúðaþróun á svæðinu má nálgast á vefsíðu Þekkingarnetsins, www.hac.is, undir Útgefið efni.

SVEITARFÉLÖG


LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúaföldi í Langanesbyggð árin 2013–2022.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2013–2022.




Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2018 og 2022.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langanesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Langanesbyggð fjölgaði á milli áranna 2021 og 2022 um 0,4%. Íbúar eru nú 506 og hafa ekki verið fleiri síðan 2015. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langanesbyggð en um 55,5% íbúa eru karlar og 44,5% íbúa eru konur. Körlum fækkaði á milli ára en konum fjölgaði. Konum fjölgaði um 1,8% en körlum fækkaði um 1%. Meðalaldur íbúa hækkaði um 0,5 ár og er nú 39,3 ár eða 1,3 árum yfir landsmeðaltali. Þetta er fjórða árið í röð sem íbúar Langanesbyggðar eru með meðalaldur yfir landsmeðaltali. Meðalaldur íbúa í sveitarfélögnum á starfssvæði Þekkingarnetsins er nú lægstur í Langanesbyggð. Þegar aldursdreifing var borin saman fyrir árin 2018 og 2022 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt, hallar á sama veg en á henni sést að körlum hefur fjölgað. Línuleg leitni kvenna gefur aftur á móti til kynna að konum í yngri aldurshópnum fækkar og að aldur kvenna fer hækkandi í samfélaginu. Stúlkum á aldrinum 0-4 ára og 10-19 ára fækkar einna mest ásamt konum á aldrinum 35-39 ára.


SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 5. Íbúaföldi í Svalbarðshreppi árin 2013–2022.



Mynd 6. Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2013–2022.




Mynd 7. Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2018 og 2022.




Mynd 8. Meðalaldur íbúa í Svalbarðshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi er óbreyttur á milli árunna 2021 og 2022 og eru íbúar 94 talsins. Karlar eru 50 og 44 konur, körlum fjölgaði um þrjá en konum fækkaði um þrjár á milli ára. Meðalaldur íbúa sem hækkar aftur á milli árunna 2021 og 2022 og er nú um 1.6 ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt er að draga ályktanir um hana með svo fáa íbúa.


NORÐURÞING




Mynd 9. Íbúaföldi í Norðurþingi árin 2013–2022.



Mynd 10. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2013–2022.




Mynd 11. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2018 og 2022.




Mynd 12. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fjölgaði um 11 á milli árunna 2021 og 2022 eftir að hafa fækkað árið áður. Fjölgunin nemur 0,36%. Hlutfall kvenna og karla var sambærilegt frá árinu 2013 til ársins 2016 þegar karlmönnum tók að fjölga töluvert til ársins 2018 á meðan konum fór frekar fækkandi. Á milli árunna 2021 og 2022 var hlutfallsleg fjölgun karla og kvenna því sem næst jöfn. Kynjahlutföllin eru 46,9% konur og 53,1% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er áfram á milli 40 og 41 ár eins og undanfarin ár, 40,7 ár við upphaf árs 2022 eða tæplega þrjú ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni sýnir að körlum hefur fækkað en línuleg leitni kvenna er því sem næst óbreytt. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2018 og 2022 ef frá eru taldir aldurshóparnir 20-24 ára sem eru fámennari 2022 og 25-39 ára sem eru fjölmennari 2022. Mesta breytingin á milli árunna 2018 og 2022 hjá körlum er í aldurshópnum 35-59 ára en þar hefur fækkað töluvert. Helstu skýringar á breytingum á þessum aldurshópi karla er að finna í framkvæmdatíma vegna þeistareykja og Bakka en þá fjölgaði mikið í hópi karla á þessum aldri og fækkaði á ný að framkvæmdum loknum.


TJÖRNESHREPPUR




Mynd 13. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2013–2022.



Mynd 14. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2013–2022.




Mynd 15. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2018 og 2022.




Mynd 16. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Tjörneshreppi fjölgaði um 8,93% á milli árána 2021 og 2022 og eru nú 61 talsins. Nú ber svo við að karlar eru í fyrsta skipti fleiri en konur á því tímabili sem hér er til skoðunar. Karlarnir eru 31 en konurnar 30. Meðalaldur í Tjörneshreppi lækkaði um 1,9 ár er nú 18 árum hærri en landsmeðaltal. Meðalaldur er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing var mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.


ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 17. Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2013–2022.



Mynd 18. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2013–2022.




Mynd 19. Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2018 og 2022.




Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Píngeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Píngeyjarsveit fjölgaði nú í fyrsta sinn síðan 2018. Fjölgunin nemur 1,76%. Hvort tveggja körlum og konum fjölgaði á milli áráanna 2021 og 2022, konum fjölgaði þó hlutfallslega meira en körlum og leitar kynjahlutfallið því enn í jafnari átt. Karlar eru nú 52,4% en voru 52,6% árið 2021 á meðan konur eru 47,6% en voru 47,4%. Línuleg leitni kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2018 en línuleg leitni karla bendir til fækkunar og hækkunar í aldri frá því sem var árið 2018. Það ár stóðu yfir framkvæmdir á Þeistareykjum í tengslum við Þeistareykjavirkjun sem útskýrir mikla fækkun í hópi karla á aldrinum 25-49 ára. Meðalaldur lækkar á milli ára og er nú 43,5 ár.


SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 21. Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi árin 2013–2022.



Mynd 22. Kynjaskipting í Skútustaðahreppi árin 2013–2022.




Mynd 23. Aldursdreifing í Skútustaðahreppi árin 2018 og 2022.




Mynd 24. Meðalaldur íbúa í Skútustaðahreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Skútustaðahreppi fjölagði um 12 á milli árána 2021 og 2022. Kynjahlutfall íbúa er nær óbreytt, karlar eru 52% íbúa og konur 48%. Meðalaldur íbúa lækkar um 0,8 ár og er nú 39,8 ár. Línuleg leitni bendir til þess að konum fjölgi í yngri aldurshópum en körlum í þeim eldri.


STARFSSVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 25. Heildarmannfjöldi á svæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2013-2022.



Mynd 26. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins á árunum 2013-2022.



Mynd 27. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2017 og 2021.




Mynd 28. Meðalaldur íbúa í Pingeyjarsýslum í samanburði við landsmeðaltal.

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fjölgaði um 0,92% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar. Körlum fjölgaði um 23 en konum um 22. Hlutfall kvenna var 46,9% á móti 53,1% hjá körlum. Meðalaldur hefur verið því sem næst óbreyttur á milli ára, fór aðeins lækkandi frá árinu 2017 en hefur hækkað frá árinu 2021 og er núna 41,2 ár sem er um það bil það sama og 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-34 ára voru töluvert fleiri árið 2022 en 2018. Færri íbúar eru á aldrinum 20-24 ára af báðum kynjum og karlar á aldrinum 35-59 ára eru færri.


BYGGÐAKJARNAR

Bakkafjörður




Mynd 29. Íbúafjöldi á Bakkafirði árin 2013–2022.

Þórshöfn




Mynd 30. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2013–2022.

Raufarhöfn




Mynd 31. Mannföldi á Raufarhöfn árin 2013–2022.

Kópasker




Mynd 32. Mannföldi á Kópaskeri árin 2013–2022.

Húsavík




Mynd 33. Mannföldi á Húsavík árin 2013–2022.

Laugar




Mynd 34. Mannföldi á Laugum árin 2013–2022.

Reykjahlíð




Mynd 35. Mannföldi í Reykjahlíð árin 2013–2022.

ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI 685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 36. Mannfjöldi í póstnúmerunum 685 og 686 Bakkafjörður.

680 og 681 Þórshöfn




Mynd 37. Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681 Þórshöfn.

675 og 676 Raufarhöfn




Mynd 38. Mannfjöldi í póstnúmerunum 675 og 676 Raufarhöfn.

670 og 671 Kópasker




Mynd 39. Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker.

640 og 641 Húsavík




Mynd 40. Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.

650 Laugar og 645 Fosshóll




Mynd 41. Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar.

660 Mývatnssveit




Mynd 42. Mannfjöldi í pósthúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

Svæðið allt eftir pósthúmerum




Mynd 43. Mannfjöldi á svæðinu öllu eftir pósthúmerum.


AÐFLUTNINGUR OG BROTTFLUTNINGUR




Mynd 44. Aðfluttir umfram brottflutta eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012–2021.




Mynd 45. Flutningar innan sveitarfélags eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012–2021.




Mynd 46. Flutningar á milli sveitarfélaga innan landsvæðis eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012-2021.




Mynd 47. Flutningur á milli landsvæða eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga 2012-2021.




Mynd 48. Flutningur á milli landa eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga 2012-2021.




Mynd 49. Aðfluttir umfram brottflutta eftir kynjum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga 2012-2021.




Mynd 50. Aðfluttir umfram brottflutta eftir kynjum í Langanesbyggð 2012-2021.




Mynd 51. Aðfluttir umfram brottflutta eftir kynjum í Svalbarðshreppi 2012-2021.




Mynd 52. Aðfluttir umfram brottflutta í Tjörneshreppi 2012-2021.



Mynd 53. Aðfluttir umfram brottflutta í Norðurþingi 2012-2021.



Mynd 54. Aðfluttir umfram brottflutta eftir kynjum í Þingeyjarsveit 2012-2021.



Mynd 55. Aðfluttir umfram brottflutta í Skútustaðahreppi 2012-2021.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í **Langanesbyggð** fjölgaði íbúum um 0,4 % á milli áráanna 2020 og 2021. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langanesbyggð þar sem 55,5% íbúa eru karlar og 44,5% íbúa eru konur. Meðalaldur íbúa var 39,3 ár og er nú 1,3 árum yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman á milli áráanna 2018 og 2022 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt, en sýnir að körlum hefur fjölgað. Línuleg leitni kvenna gefur aftur á móti til kynna að konum í yngri aldurshópunum fækkar.

Íbúafjöldi í **Svalbarðshreppi** er óbreyttur á milli áráanna 2021 og 2022, íbúar eru 94 talsins. Karlar eru 50 og konur 44 þannig að körlum hefur fjölgað um 3 og konum fækkað um þrjár á milli áráanna 2021 og 2022. Meðalaldur íbúa hækkaði um 1,6 ár og er 43,2 ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana með svo fáa íbúa.

Íbúum í **Norðurþingi** fjölgaði um 11 á milli áráanna 2021 og 2022 eftir að hafa fækkað árið á undan. Hlutfallsleg fjölgun karla og kvenna var því sem næst jöfn. Kynjahlutföllin eru nú 46,9% konur og 53,1% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er 40,7 ár eða tæplega þrjú ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni sýnir að körlum hefur fækkað og en línuleg leitni kvenna er því sem næst óbreytt. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árin 2018 og 2022 ef frá eru taldir aldurshóparnir 20-24 ára sem eru fámennari 2022 og 25-39 ára sem eru fjölmennari 2022. Mesta breytingin á milli áráanna 2018 og 2022 hjá körlum er í aldurshópnum 35-59 ára en þar hefur fækkað töluvert. Helstu skýringar á breytingum á þessum aldurshópi karla er að finna í framkvæmdatíma vegna Þeistareykja og Bakka en þá fjölgaði mikið í hópi karla á þessum aldri og fækkaði á ný að framkvæmdum loknum.

Í **Tjörneshreppi** fjölgaði íbúum um 8,93% á milli áráanna 2021 og 2022 og eru þeir nú 61 talsins. Karlar eru í fyrsta skipti fleiri en konur á því tímabili sem fjallað er um hér. Kynjahlutföllin eru því sem næst jöfn en karlar eru einum fleiri en konur. Meðalaldur lækkaði og er nú 56 ár og er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing er mjög ójöfn en erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fjölgaði um 15 íbúa, og fjölgaði nú í fyrsta sinn síðan 2018. Karlar eru nú 52,4% en konur 47,6% íbúa í sveitarfélaginu. Línuleg leitni kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2018 en línuleg leitni karla bendir til fækkunar og hækkunar í aldri frá því sem var árið 2018. Það ár stóðu yfir framkvæmdir á Þeistareykjum í tengslum

við Þeistareykjavirkjun sem útskýrir mikla fækkun í hópi karla á aldrinum 25-49 ára. Meðalaldur lækkar á milli ára og er nú 43,5 ár.

Íbúum í **Skútustaðahreppi** fjölgaði um 12 á milli áráanna 2021 og 2022. Kynjahlutfall íbúa er nær óbreytt, karlar eru 52% íbúa og konur 48%. Meðalaldur íbúa lækkar um 0,8 ár og er nú 39,8 ár. Línuleg leitni bendir til þess að konum fjölgi í yngri aldurshópum en körlum í þeim eldri.

Þegar **svæðið í heild** sinni var skoðað kom í ljós að íbúum fjölgaði um 0,9% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar. Körlum fjölgaði um 23 en konum um 22. Hlutfall kvenna var 46,9% á móti 53,1% hjá körlum. Meðalaldur hefur verið því sem næst óbreyttur á milli ára, fór aðeins lækkandi frá árinu 2017 en hefur hækkað frá árinu 2021 og er núna 41,2 ár sem er um það bil það sama og 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-34 ára voru töluvert fleiri árið 2022 en 2018. Færri íbúar eru á aldrinum 20-24 ára af báðum kynjum og karlar á aldrinum 35-59 ára eru færri.

Byggðakjarnar og dreifbýli

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum á **Bakkafirði** hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2015 ef frá eru talin árin 2019 og 2021. Neikvæð þróun hefur einnig átt sér stað í dreifbýlinu í nágrenni Bakkafjarðar en þar hefur íbúum fækkað úr 25 í 12 eða um 52%. Íbúum á **Þórshöfn** fjölgaði á milli áráanna 2021 og 2022 um 10 manns. Í dreifbýlinu fækkaði um þrjá íbúa á milli áráanna 2021 og 2022. Á **Raufarhöfn** fjölgaði íbúum um 6 og í dreifbýlinu er íbúafjöldi óbreyttur. Á undanförunum 10 árum hefur íbúafjöldi á Raufarhöfn sveiflast til um sem nemur um 26 íbúa frá því sem fjölmennast og fámennast hefur verið. Á **Kópaskeri** fækkaði um þrjá og sömu sögu er að segja úr dreifbýlinu en þar fækkaði íbúum um þrjá. Íbúum á **Húsavík** fjölgaði um 50 manns á milli ára. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 9,2%. Þegar litið var á mannfjölda eftir pósthúmerunum 640 og 641 var þróun mannfjölda sambærileg í þéttbýli og dreifbýli. Á **Laugum** heldur íbúum áfram að fækka og fækkaði nú um fjóra. Íbúafjöldi í dreifbýlinu í kringum Laugar og í Bárðardal er óbreyttur. Íbúum í **Reykjahlíð** fjölgaði um 13 á milli áráanna 2021 og 2022, en eru þó ennþá um 43,7% fleiri en árið 2013. Í dreifbýlinu í Skútustaðahreppi fjölgaði um 7. Nú búa 56 fleiri íbúar í dreifbýli en þéttbýli í Skútustaðahreppi, þar hefur dreifbýlið unnið á frá árinu 2014.

Aðfluttir og brottfluttir

Að þessu sinni eru flutningar til og frá starfssvæði Þekkingarnetsins teknir og skoðaðir sérstaklega. Þegar aðfluttir umfram brottflutta eru skoðaðir fyrir svæðið allt kemur í ljós að karlar eru í miklum meirihluta aðfluttra.

Árin 2016 og 2017 skera sig sérstaklega úr hvað varðar fjölda aðfluttra og árið 2018 og 2020 hvað varðar fjölda brottfluttra.

Flutningar innan sveitarfélaga á starfssvæðinu eru áhugaverðir því þar má sjá að á tímabilinu 2015-2017 eru flutningar innan sveitarfélaga nánast samskonar og árin 2012-2014. Árin 2018 og 2019 fjölga flutningum innan sveitarfélaga en dregst saman á ný árið 2020. 2021 fjölga flutningum karla innan sveitarfélaga töluvert en flutningum kvenna minna.

Flutningar á milli sveitarfélaga innan landsvæðis, sem er þá Norðurland eystra sýna að fyrst og fremst flytur fólk frá sveitarfélögunum á starfssvæði Þekkingarnetsins til annarra sveitarfélaga innan landssvæðisins.

Flutningar á milli landssvæða sýna í raun það sama að lítið er um flutninga íbúa á milli landssvæða til starfssvæðis Þekkingarnetsins og meira um flutninga af svæðinu til annarra landssvæða.

Flutningar á milli landa eru helst til svæðisins. Aðfluttir umfram brottflutta eru fleiri hjá báðum kynjum ef frá eru taldir flutningar kvenna árið 2012 og karla árin 2013, 2018 og 2020.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2022). Mannfjöldi 1. janúar 2022. Sótt á www.hagstofa.is 22. mars 2022.

